

11. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STARFSÁRIÐ 2017-2018

Þriðjudaginn 21. janúar 2018 kl. 17.00 var haldinn 11. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður og Viktoría Jensdóttir varamaður.

Guðný Rut Isaksen verkefnastjóri sat fundinn.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerða 9. og 10. funda stjórnar

2. Staðfesting samþykkt milli funda

- a. Stjórn samþykkti umsókn Retrieverdeildar um veiðiprófadagskrá 2018 sem og deildarsýningu 14. júlí 2018.
- b. Stjórn samþykkti tillögu dómarráðs um samþykki á umsókn Unnar Unnsteinsdóttur um fuglahundadómaranám.
- c. Erindi frá skrifstofu HRFÍ varðandi ættbók hunds þar sem vantaði upplýsingar um tvo hunda í ættbókinni sem er þar af leiðandi ekki full þriggja liða-ættbók. Stjórn ákvað að senda rússneska hundaræktarfélaginu erindi og fá upplýsingar áður en málið verður afgreitt.

3. Húsnæðismál

Félaginu bárust fyrirspurnir áhugasamra um húsnæðið og stjórn ræddi framtíðarhúsnæði og þarfagreiningu sem er í gangi. Ákvörðun var tekin um að fulltrúar úr stjórn hittu viðkomandi aðila og skoðuðu málið betur. Félagsfundur mun svo taka

endanlega ákvörðun um framtíðarhúsnæði félagsins.

4. Erindi veiðiprófanefndar um viðbót tveggja prófa við dagskrá sem barst stjórn 28. desember

Veiðiprófanefnd sendi erindi til stjórnar þar sem hún lagði til að breyta dagskrá veiðiprófa 2018 og bæta við tveimur veiðiprófum. Stjórn sér sig knúna að líta á erindið sem endurupptöku umsóknar skv. reglu 2.2. veiðiprófsreglna enda gera reglurnar ráð fyrir að dagskráin sé samþykkt í heild sinni. Litið var til svara veiðiprófanefndar og óánægju deildanna auk þeirrar staðreyndar að ekki bar saman dagskrá veiðiprófanefndar sem stjórn samþykkti og umsóknum deilda, heldur var dagsetning eins prófs röng auk þess sem upplýsingar voru ófullnægjandi um annað próf. Stjórn samþykkir því erindi veiðiprófanefndar.

Hins vegar áréttar stjórn að það sé hlutverk nefndarinnar að setja saman dagskrá veiðiprófa eftir að hafa fengið umsóknir deilda og skal í þeirri vinnu gæta að jafnræði milli deilda og gæta þess sérstaklega að dagskráin taki tillit til þátttakenda prófanna þannig að ekki sé of stutt á milli prófa enda bitnar það á þátttöku og skráningu.

Brýnt er að veiðiprófanefnd taki saman heildstæða dagskrá sem fyrst svo hægt sé að birta hana á heimasíðum viðkomandi deilda.

5. Erindi frá Vinnuhundadeild – dagskrá vinnuprófa 2018

Samþykkt.

6. Tillaga Guðbjargar og Herdísar um breytingu á starfsreglum ræktunardeilda

Stjórn samþykkti tillögu Guðbjargar Guðmundsdóttur og Herdísar Hallmarsdóttur um breytingu á starfsreglum ræktunardeilda.

Þær leggja til að bætt verði í **5 tl. og 6 tl breytt í III. kafla** (*Viðbót skáletruð*)

Stjórn ræktunardeildar skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á starfsemi deildarinnar. *Stjórn ræktunardeildar, með sérstaka kennitölu, og eigin fjárhag um viðburði haldna á vegum deildarinnar, skal tryggja að meðferð fjármuna deildarinnar sé samkvæmt*

viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum. Gjaldkeri stjórnar hefur prókúru á reikning deildarinnar og ráðstafar fjármunum samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárhagsáætlun hverju sinni. Gjaldkeri annast greiðslur samþykkttra reikninga og hefur prókúru á útgjaldareikninga vegna þeirra. Stjórn getur falið félagsmanni umsjón með verki sem samþykkir reikninga sem berast áður en þeir eru greiddir. Fé er ávaxtað samkvæmt stefnu um ávöxtun með lágmarksáhættu.

Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ og heimasíðu deildarinnar (Facebook-síðu). Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kýs að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag s.s. vegna sýningarþjálfunar, reksturs vefsíðu, kaffisjóðs o.þ.h. skulu sækja um kennitölu fyrir viðkomandi ræktunardeild til Fyrirtækjaskrár og skulu leggja fram rekstrar- og efnahagsyfirlit og fjárhagsáætlun eftir því sem við á, á ársfundi deildarinnar. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.

7. Beiðni Íþróttadeildar um hundafiminámskeið

Erindi Íþróttadeildar um hundafiminámskeið á hennar vegum og í samstarfi við Ungmennadeild þar sem Silja Unnarsdóttir og Halldóra Lind Guðlaugsdóttir verði þjálfarar og Stefanía Björgvinsdóttir, Maríanna Magnúsdóttir, Ingólfur Jón Ágúst Óskarsson og Agnes Björk Helgadóttir verði leiðbeinendur. Námskeiðin eru liður í fjáröflun Íþróttadeildarinnar við kaup á nýjum hundafimitækjum. Allur ágóði námskeiðanna mun renna í sjóð til að efla enn frekar starf Íþróttadeildarinnar.

Stjórn leggur til að þátttakendur á námskeiðunum sem og forráðamenn barna og ungmenna skrifi undir yfirlýsingu þess efnis að þeir séu meðvitaður um að hundarnir séu algjörlega á þeirra ábyrgð en ekki HRFÍ eða Íþróttadeildar.

8. Fundir með nefndum félagsins

Stjórn stefnir á að funda með nokkrum nefndum félagsins 20. febrúar nk.

9. Fulltrúaráðsfundir 2018

Fulltrúaráðsfundir verða á skrifstofu félagsins 20. febrúar og 5. apríl nk. kl. 20.00.

10. Önnur mál

Daníel Örn Hinriksson kom með tillögu að breytingum á reglum varðandi stigahæsta ræktanda ársins hjá HRFÍ sem stjórn sendi áfram til sýninganefndar sem tók hana til umsagnar og afgreiðslu. Sýninganefnd samþykkti tillögu einróma. Nýja reglan hljóðar svo:

80. Stigakerfi til útreiknings á stigahæsta ræktanda ársins

Stig eru reiknuð fyrir hvert viðurkennt hundakyn ræktanda (ef við á: sama afbrigði hundakyns - getur átt sérstakan BOB fulltrúa). Stig fleiri hundakynja ræktanda leggjast því ekki saman. Sá ræktandi sem hefur flest stig fyrir einstakt hundakyn eftir hundasýningar ársins (janúar til desember) fær viðurkenninguna „*Ræktandi ársins*“. Til að eiga kost á stigum, skal ræktandi vera félagsmaður í HRFÍ, með lögheimili á Íslandi og eiga FCI viðurkennt ræktunarnafn. Stig eru einungis gefin á sýningum Hundaræktarfélag Íslands sem eru opnar öllum tegundum og gefa stig til meistara.

Á hverri sýningu eru eftirfarandi stig gefin:

1 stig fyrir hvert meistaraefni úr ræktun viðkomandi,

2 stig fyrir ræktunarhóp úr viðkomandi ræktun með heiðursverðlaun

Ræktunarhópur úr ræktun viðkomandi sem nær sæti í BIS úrslitum dags:

1. sæti – 5 stig

2. sæti – 4 stig

3. sæti – 3 stig

4. sæti – 2 stig.

Stigahæsti ræktandi ársins samkvæmt þessu kerfi verður annað hvort heiðraður á sérstakri uppskeruhátíð félagsins eða á fyrstu sýningu ársins.

Greinargerð með breytingu:

Unnin skv. ábendingu stjórnar HRFÍ.

Fram að þessu hefur heildarárangur ræktanda í öllum þeim hundakynjum sem hann ræktar, talið til samanlagðra stiga. Framúrskarandi árangur í tveimur eða fleirum hundakynjum hefur því gefið ræktanda forskot á aðra sem einbeita sér að ræktun á einu kyni. Vilji stjórnar HRFÍ og sýningarnefndar félagsins stendur til þess að jafna möguleika þeirra sem rækta eitt kyn og þeirra sem rækta fleiri og gefa þannig fleirum kost á að blanda sér í toppbaráttuna um stigahæsta ræktanda ársins.

Þá er gerð sú breyting að í stað kröfu um búsetu á Íslandi, þurfi ræktandi að vera með lögheimili á Íslandi. Breytingunni er ætlað að auka skýrleika og auðvelda vinnu skrifstofu HRFÍ. Er þetta til samræmis við vinnureglur nágrannalanda okkar varðandi skráningu ræktunarnafna.

NKU fundur í Svíþjóð

Herdís og Guðný verða fulltrúar HRFÍ á NKU-fundi sem haldinn verður í Svíþjóð í febrúar.

Fundi slitið kl. 20.45.